



**Edda Óskarsdóttir ver doktorsritgerð sína í menntavísindum við Kennaradeild,  
Menntavísindasviði Háskóla Íslands:**

*„ Constructing support as inclusive practice: A self-study. Á íslensku: Skipulag stuðnings í skóla án aðgreiningar: fagleg sjálfsrýni“*

fimmtudaginn 31. ágúst kl. 13.00 í Hátíðasal Háskóla Íslands



Andmælendur eru dr. Clare Kosnik, prófessor við University of Toronto, og dr. Kristine Black-Hawkins, dósent við University of Cambridge

Aðalleiðbeinandi var dr. Hafdís Guðjónsdóttir , prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, meðleiðbeinandi var dr. Deborah Tidwell, prófessor við University of Northern Iowa, auk þeirra sat í doktorsnefnd dr Patricia Thomson, prófessor við University of Nottingham.

Baldur Sigurðsson deildarforseti Kennaradeildar Menntavísindasviðs, stjórnar athöfninni.

**Allir velkomnir**

## Um verkefnið

Hér er um að ræða rannsókn á og rannsókn í starfi mínu sem deildarstjóri stoðþjónustu í grunnskóla. Megintilgangur rannsóknarinnar var að umbreyta skipulagi stoðþjónustu í einum grunnskóla, Vatnaskóla, þannig að stuðningur yrði án aðgreiningar, auk þess að öðlast dýpri skilning á hlutverki mínu í starfi við að efla forystu og samstarf. Ég nýtti aðferðir faglegrar sjálfsrýni við rannsóknina til að öðlast skilning á breytingaferlinu og hlutverki forystu í starfi og var rannsókninni skipt í þrjú skeið: undirbúnings skeið, framkvæmdaskeið og ígrundunarskeið.

Á undirbúnings skeiðinu tók ég viðtöl við stjórnendur, kennara, starfsfólk stoðþjónustu og námsráðgjafa í skólanum til að öðlast innsýn inn í skilning þeirra á skóla án aðgreiningar og hugmyndir þeirra um stoðþjónustuna og samstarf. Á greiningu þessa gagna byggði ég síðan áætlun sem var framkvæmd á næsta stigi rannsóknarinnar.

Á framkvæmdaskeiðinu vann ég að breytingum á skipulagi stoðþjónustunnar samkvæmt framkvæmdaáætlun og skráði í rannsóknardagbók. Einnig tók ég viðtal við mæður nokkurra barna í skólanum, gerði verkefni með nemendum og tók viðtöl við nokkra þeirra, og tók viðtal við stuðningsfulltrúa. Greining á gögnum af þessu skeiði gaf innsýn inn í hvernig til tókst með að breyta skipulagi stoðþjónustunnar, hverjar voru helstu áskoranirnar og hvernig samstarf breyttist á tímabilinu.

Á ígrundunarskeiðinu rýndi ég í það sem ég hafði lært á rannsókninni, ein og með aðstoð annarra, í þeim tilgangi að greina gögnin og skilja þróun mína í starfi og hugsun. Með ígrundun gagna og samvinnu við rýnivini náði ég að setja fram í niðurstöðum sögu sem aðrir geta samsamað sig við og jafnvel lært af.

Niðurstöðurnar sýna að það reyndist ekki auðvelt að ná markmiðum verkefnisins varðandi umbreytingu á stoðþjónustunni. Það voru ýmis ljón í veginum sem gerðu ferlið flókið. Stærsta áskorunin reyndist vera að breyta orðræðu fötlunar, meðaumkunar og læknisfræði sem stýrði hugarfari mínu og annarra og setti mark sitt á hvernig stoðþjónustunni var háttað.

## Enska

Hér er um að ræða rannsókn á og rannsókn í starfi mínu sem deildarstjóri stoðþjónustu í grunnskóla. Megintilgangur rannsóknarinnar var að umbreyta skipulagi stoðþjónustu í einum grunnskóla, Vatnaskóla, þannig að stuðningur yrði án aðgreiningar, auk þess að öðlast dýpri skilning á hlutverki mínu í starfi við að efla forystu og samstarf. Ég nýtti aðferðir faglegrar sjálfsrýni við rannsóknina til að öðlast skilning á breytingaferlinu og hlutverki forystu í starfi og var rannsókninni skipt í þrjú skeið: undirbúnings skeið, framkvæmdaskeið og ígrundunarskeið.

Á undirbúnings skeiðinu tók ég viðtöl við stjórnendur, kennara, starfsfólk stoðþjónustu og námsráðgjafa í skólanum til að öðlast innsýn inn í skilning þeirra á skóla án aðgreiningar og hugmyndir þeirra um stoðþjónustuna og samstarf. Á greiningu þessa gagna byggði ég síðan áætlun sem var framkvæmd á næsta stigi rannsóknarinnar.

Á framkvæmdaskeiðinu vann ég að breytingum á skipulagi stoðþjónustunnar samkvæmt framkvæmdaáætlun og skráði í rannsóknardagbók. Einnig tók ég viðtal við mæður nokkurra barna í skólanum, gerði verkefni með nemendum og tók viðtöl við nokkra þeirra, og tók viðtal við stuðningsfulltrúa. Greining á gögnum af þessu skeiði gaf innsýn inn í hvernig til tókst með að breyta skipulagi stoðþjónustunnar, hverjar voru helstu áskoranirnar og hvernig samstarf breyttist á tímabilinu.

Á ígrundunarskeiðinu rýndi ég í það sem ég hafði lært á rannsókninni, ein og með aðstoð annarra, í þeim tilgangi að greina gögnin og skilja þróun mína í starfi og hugsun. Með ígrundun gagna og samvinnu við rýnivini náði ég að setja fram í niðurstöðum sögu sem aðrir geta samsamað sig við og jafnvel lært af.

Niðurstöðurnar sýna að það reyndist ekki auðvelt að ná markmiðum verkefnisins varðandi umbreytingu á stoðþjónustunni. Það voru ýmis ljón í veginum sem gerðu ferlið flókið. Stærsta áskorunin reyndist vera að breyta orðræðu fötlunar, meðaumkunar og læknisfræði sem stýrði hugarfari mínu og annarra og setti mark sitt á hvernig stoðþjónustunni var háttað.

## Um doktorsefnið

Edda Óskarsdóttir (f. 1968) starfar í hlutastarfi við Evrópumíðstöð um sérkennslu og skóla án aðgreiningar (European Agency for Special Needs and Inclusive Education) auk þess sem hún er aðstoðarkennari á Menntavísindasviði. Edda lauk B.Ed. prófi frá Kennaraháskóla Íslands 1990 og MA í sérkennslu frá University of Oregon 1993. Edda starfaði sem kennari, sérkennari og deildarstjóri stoðþjónustu frá 1994-2014 og hefur verið aðstoðarkennari á Menntavísindasvið frá árinu 1999.

Edda er gift Ólafi Andra Ragnarssyni og eiga þau dæturnar Kristínu, Lilju Rut, Kaðlín Söru og Ragnheiði Írisi auk tveggja barnabarna, Guðmundar Kára og Guðrúnar Báru.